

## AUGLÝSING

### um bann við innflutningi frá Bandaríkjunum vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá bandarískum dýrasjúkdóma-  
yfirvöldum um upprætingu á „Newcastle Disease“, er framlengt bann landbúnaðarráðuneyt-  
isins sem sett var með auglýsingu nr. 700/2002, við innflutningi til landsins á lifandi fuglum,  
frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bandaríkjunum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um  
dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og  
varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 15.  
desember 2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 12. nóvember 2002.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*